



Drög að ályktun um leikskólamál

Varað hefur við þeirri þróun sem hefur átt sér stað í leikskólamálum víða um land, þar sem daglegur vistunartími er stytur í 6 klukkustundir, en gjald umfram þann tíma er hækkað allverulega. Þá hefur einnig svokölluðum skráningardögum fjölgað, dögum sem foreldrar þurfa greiða sérstaklega fyrir, en eru ekki innifaldir í mánaðarlegum leikskólagjöldum.

Það liggur fyrir að margir foreldrar sem eru innan vébanda aðildarféлага SGS hafa vinnu sinnar vegna lítil sem engin tök á því að stytta vistunartíma barna sinna. Þessir foreldrar greiða nú mun hærra gjald svo nemur tugum prósentu. Þessi þróun bitnar þá helst á tekjulágum foreldrum sem hafa lítinn sveigjanleika í starfi og lítið sem ekkert stuðningsnet.

Þótt sveigjanleiki hafi aukist hjá þeim hluta vinnumarkaðarins sem nýtur styttingu vinnuvikunnar, hefur stærstur hluti félagsmanna aðildarféлага SGS alls enga styttingu fengið og vinnu ennþá 40 stunda vinnuviku. Margir félagsmanna hafa engin tök á því vinna hluta úr degi að heima eða sækja börn fyrr á leikskólann án þess að sæta talsverðri skerðingu á ráðstöfunartekjum. Sú staðreynd virðist hafa farið fram hjá þeim sem stýra leikskólamálum.

xxx